

LISTASAFN ÁRNEsinga

Fréttatilkynning frá Listasafni Árnesinga vegna nýrra sýninga.

Við opnum 2 nýjar sýningar laugardaginn 2. september kl. 15:00. Að þessu sinni opnum við með sýningum tveggja Árnesinga: Ragnheiðar Jónsdóttur og Jakobs Veigars Sigurðssonar.



Kosmos Kaos - Ragnheiður Jónsdóttir salir 1-2-3.

Ragnheiður er einn virtasti listamaður bjóðarinnar og hlaut hún í ár heiðursviðurkenningu frá Myndlistarráði fyrir einstakt framlag til íslenskrar myndlistar
[https://www.visir.is/g/20232389421d/
thessi-hlutu-islensku-
myndlistarverdlaunin-2023](https://www.visir.is/g/20232389421d/thessi-hlutu-islensku-myndlistarverdlaunin-2023)

Ragnheiður hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1968 og hefur frá þeim tíma unnið óslitið að myndlist til

dagsins í dag. Þráðurinn í verkum Ragnheiðar er sjálfblekkingin – blindnin – græðgin – einsemdin – andvaraleysið – umhverfið – heimurinn okkar. Ragnheiður segir að myndlist sé í hennar huga samtal listamannsins og áhorfandans. Að tilganginum sé náð þegar að henni tekst að rumska við áhorfandanum.

Ragnheiður Jónsdóttir er Árnesingur í báðar ættir. Móðir hennar Sigurbjörg var dóttir Ingvars Hannessonar bónda að Skipum Stokkseyrarhreppi og fyrri eiginkonu hans Vilborgar Jónsdóttur frá Sandlækjarkoti Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ingvar bóndi á Skipum og Ásgrímur Jónsson listmálarí voru systrasynir. Mæður þeirra voru systurnar Sigurbjörg og Guðlaug frá Vantsholti í Flóa. Faðir Ragnheiðar var Benedikt sonur Guðjóns Jónssonar bónda frá Seli og eiginkonu hans Kristjönu Jónsdóttur frá Grímsfjósum Stokkseyri. Þau bjuggu að Leiðólfssstöðum Stokkseyrarhreppi.

Þegar horft er yfir höfundarverk Ragnheiðar Jónsdóttur á sviði teikninga og dráttlistar í íslenskri listasögu sést bersýnilega hve einstök staða hennar er. Sýningin Kosmos/Kaos er haldin á nítugasta afmælisári hennar og skilaboð Ragnheiðar frá áttunda áratug síðustu aldar, um

kvenréttindi, umhverfisvitund og samfélagslega ábyrgð, eiga enn vel við í dag. Í grafíkverkum Ragnheiðar birtast hversdagsleg fyrirbæri hlaðin táknum og vísa í vaxandi iðnað, pólitískt umrót og deilur, áníðslu á náttúrunni, félagslegan aktívisma, feðraveldið og kvenréttindahreyfinguna. Verk hennar eru beitt og fersk og hróplega áríðandi í umhverfis- og samfélagsmálum nútímans.

Verk frá upphafi ferils Ragnheiðar einkenndust af öflugum symbólisma og nákvæmum, krefjandi vinnubrögðum með ríkri áherslu á smáatriði, en slíkar aðferðir eru dæmigerðar fyrir grafíkska list. Ríkjandi stef í verkum hennar eru óþægileg og forvitnileg – þrungin súrealisma og þurri kímnigáfu.

Ragnheiður nýtir sér menningarlegar myndlíkingar með undarlegum formum sem vísa beint í pólitísk, siðferðisleg og samfélagsleg málefni á Íslandi á þessum tíma. Verk hennar höfðu mikil áhrif á kvenfrelsisbaráttuna og hún er enn í dag talin ein af mikilvægustu forvígiskonum feminískrar listar á Íslandi. Vinna hennar einkennist af andstæðum, og ekki einungis bókstaflegum andstæðum hins svarta og hins hvíta, heldur á hún einnig rætur í tvískiptingunni á milli smásmygli og frelsis, abstraksjónar og symbólisma, náttúrulegs og vélræns, myndrænnar framsetningar og tilfinningaþrungrunnar túlkunar, á milli grafílistar og frjálsrar teikningar. Á tíunda áratugnum byrjaði Ragnheiður að vinna eingöngu með stórar kolateikningar og sagði skilið við nákvæma þolinmæðisvinnu grafísku verkanna sem hún hafði helgað sig fram að því. Hún fjarlægðist hið bókstaflega líkingamál en einbeitti sér að myndmáli hreinnar og óhlutbundinnar tjáningar. Kolateikningar hennar voru jafn beittar og ákveðnar og grafísku verkin en bjuggu yfir frjálsari hreyfingu, léttleika og abstrakt táknsæi.

Hvaða lærdóm má draga af sextíu ára ferli Ragnheiðar sem frumkvöðuls í grafískri list og látbrigðateikningum? Síbreytileg og stöðugt vaxandi list hennar vísar í eðlislæga eiginleika mannsins – þörfina fyrir frelsi, abstrakt, öndun og hreyfingu, mitt í basli hversdagsins. Ferill Ragnheiðar ber vitni um þau áhrif sem listamaður getur haft á samfélag sitt, þann kraft sem býr í rödd eins listamanns sem vekur athygli á málefnum, hvetur fólk til aðgerða og ýtir undir samfélagslegar og pólitískar breytingar kynslóð eftir kynslóð.

Sjá nánar á heimasíðu safnsins: <https://listasafnarnesinga.is/hveragerdi/syningar/kosmos-kaos/>

Sýningarstjóri er Daría Sól Andrews.

daria.andrews9@gmail.com s. 699 6949

Ragnheiður Jónsdóttir s. 866 6450

listasafn@listasafnarnesinga.is

Mynd: Blómsturvellir 1, Ragnheiður Jónsdóttir, 2022.

Megi hönd þín vera heil - Jakob Veigar Sigurðsson salur 4.

Jakob Veigar (1975) starfar og býr í Víðarborg en er uppalinn í Hveragerði. Hann fetaði fremur seint inn á veg myndlistarinnar eftir að hafa snúið baki við byggingariðnaðinum og snúið sér að Myndlist . Hann útskrifaðist með BA gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands

2016 og sem „Herr Magister” í myndlist frá Akademie der bildenden Künste í Víðarborg 2019.



Jakob er einnig með BA gráðu í byggingatæknifræði frá Háskólanum í Reykjavík. Málverkið er hans aðal miðill og er innblásið af persónulegri reynslu, alkóhólískum huga sem reynir að skilja samfélagið sem hann dvelur í á hverjum tíma ásamt djúpri tengingu hans við náttúruna.

Jakob hefur á ferðalögum á framandi slóðir m.a annars Indland og Íran notað myndlistina til að dýpka skilning og tengingu við framandi menningu.

Þrátt fyrir stutta viðkomu í myndlistinni er verk Jakobs að vinna í einkasöfnum víða um heim og hafa verk hans verið sýnd ásamt Íslandi víða um Evrópu, Kína ofl.

Megi hönd þín vera heil, er saga af ferðalagi frá Íslandi til Írans. Saga af listamanni sem elti ástina á milli heimsálfa á tímum heimsfaraldar. Ferðalag til einnar af elstu menningu veraldar þar sem hann fann hluta af sjálfum sér í landslagi töluvert frábrugðið hans eigins. Saga af ást sem glataðist, á meðan hann safnaði sögum og efni frá hirðingjum og handverksfólki um allt Íran. Allt frá Frá skítugum mottum, ómetanlegum vefnaði og útsaum sem hann notar til að skapa sína persónulegu og einstöku veröld.

Sýningin er unnin í samstarfi við Shanay Artemis Hubmann og fleiri aðila búsetta í Íran.

Sjá nánar hér. <https://listasafnarnesinga.is/hveragerdi/syningar/iran-island/>

Jakobveigar@gmail.com s. 7806775

listasafn@listasafnarnesinga.is

Cosmos/Chaos - opening September 2nd. at 15:00

When considering Ragnheiður Jónsdóttir's oeuvre within the field of drawing and graphic art in Iceland's art history, her iconic status is evident. The exhibition *Cosmos/Chaos* marks the year of her 90th birthday, and Ragnheiður's messages from the 1970s regarding women's empowerment, environmental awareness and social responsibility are still remarkably apt in the present day. Her graphic works depict everyday phenomena rich in symbolism, referencing industrial development, political turmoil and unrest, damage to nature, social activism, the patriarchy and the women's movement. Starkly relevant to our present social and environmental issues, her works remain sharp and contemporary today.

Ragnheiður's early works are characterised by powerful symbolism, together with the meticulous and detailed-oriented hard labour that typifies the arduous medium of graphic art. The themes of her graphic works are unsettling and intriguing – abounding in surrealism and dry wit. Ragnheiður draws upon cultural metaphors within bizarre forms and creations that directly reference political, moral and social issues in Iceland at the time. Her graphic works strongly influenced the women's liberation movement, and to this day she is seen as one of the leading pioneers of feminist art in Iceland. Her practice is one of contrasts – and not only the literal contrast between black and white. Ragnheiður's works are rooted in the dichotomy between meticulousness and freedom, abstraction and symbolism, natural and mechanical, pictorial representation and emotive feeling, between graphic art and free-form drawing. In the 1990s, Ragnheiður began working solely with large-scale charcoal drawing, leaving behind the time-consuming and precise practice of graphic art she had spent a lifetime mastering. Moving away from a literal symbolic language, in this new direction Ragnheiður focussed on an imagery of pure expression and abstraction. Ragnheiður's charcoal drawings were no less incisive and trenchant than her graphic works, but they were imbued with more freedom of movement, a quality of lightness, and abstract symbolism.

What lessons can be learned from Ragnheiður's 60 years as a pioneer of graphic art and gestural drawing? Her shifting and constantly evolving practice points to something inherent within human nature – the need for freedom, abstraction, breathing and movement, amidst the bustle of everyday existence. Ragnheiður's career attests to the impact an artist can have on their society, the power a single artistic voice has to call attention to issues, to urge action, and to influence social and political change, generation after generation.

Curator: Daría Sól Andrews

daria.andrews9@gmail.com s. + 354 699 6949

listasafn@listasafnarnesinga.is

<https://listasafnarnesinga.is/hveragerdi/art-museum-south-iceland-english/exhibitions/cosmos-chaos/>

May Your Hand Not Hurt - opening on September 2nd at 15:00.

Jakob Veigar (born 1975 in Hveragerði, Iceland) currently lives and works in Vienna. His u-turn into the art world happened quite late in life, after a whole life and career as a civil engineer.

Jakob graduated with a Bachelor's degree from the Icelandic University of the Arts in 2016, and continued to become „Herr Magister“ at the Academy of Fine Arts in Vienna in 2019.

Painting is Jakob's main medium, inspired mainly by personal experience, an alcoholic mind that tries to understand the society he lives in, and his deep connection to nature.

Jakob has used his journeys to culturally diverse places such as India and Iran to expand the horizon of his work, and to deepen both his understanding and his connection to countries very different from his own.

Despite a rather short career in the art world, Jakob's works can be found in private collections all over the world. His paintings have been exhibited in Iceland, around Europe, and in China.

"May Your Hand Not Hurt" is the story of a passage from Iceland to Iran; of an artist who chased love, between continents, in times of a global pandemic. An odyssey into one of the world's oldest civilizations, where he found pieces of himself in landscapes vastly different from his own. Of a love lost on the way, all while collecting stories and works from artisanal and nomadic communities all over Iran. From dirty rags all the way to priceless textiles and embroidery, Jakob Veigar uses these materials to create an entirely new world of his own.

<https://listasafnarnesinga.is/hveragerdi/art-museum-south-iceland-english/exhibitions/iran-island/>

Jakobveigar@gmail.com t. + 354 7806775

listasafn@listasafnarnesinga.is

Hulda Kristjánsdóttir

From: Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Sent: fimmtudagur, 31. ágúst 2023 09:49
To: Bjarni Guðmundsson
Cc: Ingi Már Guðnason
Subject: Ársþing SASS á Hótel Vík í Mýrdalshreppi 26. og 27. október 2023 ... skipan og skráning þingfulltrúa o.fl.
Attachments: Ársþing SASS_Bréf með kjörbréfum 2023.pdf

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Í viðhengi eru upplýsingar um komandi ársþing SASS 2023 sem verður haldið á Hótel Vík 26. – 27. október nk. (fimmtudagur og föstudagur).

Fylla þarf út rafræn kjörbréf sem nú eru aðgengileg á slóðinni [skráningarform](#) en ganga þarf frá skráningu fyrir 5. október nk. Eitt form gildir fyrir hvern þingfulltrúa en viðkomandi getur verið aðal- og varamaður hjá SASS, SOS og/eða HSL en skrá þarf nafn og netfang og svo er merkt er í viðeigandi reiti.

Mikilvægt er að skrá alla fulltrúa, þá sem hafa seturétt og gesti rétt inn í skráningarformið. Aðalmenn með atkvæðisrétt skulu skráðir sem þingfulltrúar, fjölda þingfulltrúa fyrir hvert sveitarfélag má sjá í töflu í meðfylgjandi bréfi. Aðrir fulltrúar sveitarfélaga, sveitarstjórar og gestir sem hafa ekki atkvæðisrétt skulu vera skráðir sem aðrir fulltrúar og gestir.

Bestu kveðjur,

Bjarni



Bjarni Guðmundsson
framkvæmdastjóri

SASS
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Austurvegi 56
800 Selfossi
sími 480 8200
sími 897 9791

Til aðildarsveitarfélaga SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands

Selfossi, 31. ágúst 2023

Efni: Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 26. og 27. október 2023

Ákveðið hefur verið að halda ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 26. og 27. október nk. á Hótel Vík í Mýrdalshreppi. Á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Óskað er eftir að sveitarfélögini tilkynni þátttöku fulltrúa sinna með því að fylla út rafrænt skráningarfomr á heimasíðu SASS, sbr. slóðina <https://www.sass.is/arsthing/skranning/> fyrir 5. október nk., í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2023	Fjöldi fulltrúa
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.547	5
Skaftárreppur	680	3
Mýrdalshreppur	877	3
Rangárþing eystra	2.035	5
Rangárþing ytra	1.866	4
Vestmannaeyjabær	4.523	7
Ásahreppur	295	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	577	3
Flóahreppur	708	3
Sveitarfélagið Árborg	11.239	14
Hrunamannahreppur	874	3
Bláskógbabyggð	1.280	4
Grímsnes- og Grafningshreppur	535	3
Hveragerðisbær	3.196	6
Sveitarfélagið Ölfus	2.573	5
Samtals	33.805	70

Sérstök athygli er vakin á því að aðrar reglur gilda um aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands en þar skal samkvæmt samþykktum aðeins tilnefndur einn fulltrúi fyrir hvern eignaraðila sem eru eftirtaldir: Bláskógbabyggð, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Sorpstöð Rangárvallasýslu.

Kjörgengir á aðalfundina eru **framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra.**

Á aðalfundunum eiga einnig sæti stjórnarmenn **Sorpstöðvar Suðurlands og Heilbrigðisnefndar Suðurlands** og **framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga**, með málfreli og tillögurétti séu þeir ekki kjörnir fulltrúar. Þátttaka þeirra skal einnig skráð rafrænt með fyrr nefndu skráningarförmum. Aðalfundirnir eru einnig opnir **öðrum sveitarstjórnarmönnum** á starfssvæðinu sem áheyrnarfulltrúum, sem skulu einnig skráðir rafrænt með sama skráningarförmum. Mikilvægt er að allir fulltrúar séu skráðir rétt. Ítreka að skrá þarf alla sem koma á ársþingið.

Tekin hafa verið frá herbergi á Hótel Vík frá miðvikudeginum 25. október (fyrir þá sem þurfa þess) og fimmtudaginn 26. október nk. Ætlast er til að **sveitarfélögin panti í einu lagi** fyrir sína fulltrúa með því að senda þöntun á netfangið; bookings@stayinvik.is í síðasta lagi **5. október** nk. og taki fram að það sé vegna ársþings SASS. Tilgreina þarf hvort óskað er eftir gistingu í eina eða tvær nætur. Ekki verður tekið við þöntunum frá einstökum fulltrúum. Gistingin greiðist af viðkomandi sveitarfélagi. Gistirými er takmarkað á Hótel Vík og því mun fyrstur kemur fyrstur fær reglan vera viðhöfð en aðrir gisti möguleikar verða líka í boði.

SASS mun panta gistingu fyrir stjórnarmenn samtakanna þannig að sveitarfélögin þurfa ekki líka að gera það þó þau séu tilnefndir fulltrúar þeirra á fundinum.

Annar kostnaður vegna ársþingsins, þ.e. vegna fundaraðstöðu, kaffiveitinga og kvöldverðar o.fl., verður síðar innheimtur af SASS.


Tillögur sem sveitarfélög eða fulltrúar þeirra hyggjast leggja fyrir aðalfundina þurfa að berast skrifstofu SASS fyrir **11. október** nk., þannig að þær liggi fyrir með öðrum fundargögnum. Ef tillagan snýr að breytingum á samþykktum samtakanna þurfa þær að berast stjórn þremur vikum fyrir aðalfund eða í síðasta lagi **4. október** nk.

Aðalfundarboð ásamt tilskildum fundargögnum mun liggja fyrir á sérstökum vefsíðum í síðasta lagi þann **11. október** nk. Aðalfundarfulltrúum og öðrum skráðum fundarmönnum verða send lykilorð tímanlega til að komast inn á vefsíðin. Af þessum sökum er mikilvægt að skráð verði á kjörbréf virk netföng skráðra fulltrúa.

Með kveðju,
f.h. stjórnar SASS



Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri



LISTASAFN ÁRNESINGA

Fréttatilkynning frá Listasafni Árnesinga vegna nýrra sýninga.

Við opnum 2 nýjar sýningar laugardaginn 2. september kl. 15:00. Að þessu sinni opnum við með sýningum tveggja Árnesinga: Ragnheiðar Jónsdóttur og Jakobs Veigars Sigurðssonar.



Kosmos Kaos - Ragnheiður Jónsdóttir salir 1-2-3.

Ragnheiður er einn virtasti listamaður þjóðarinnar og hlaut hún í ár heiðursviðurkenningu frá Myndlistarráði fyrir einstakt framlag til íslenskrar myndlistar
[https://www.visir.is/g/20232389421d/
thesi-hlutu-islensku-
myndlistarverdlaunin-2023](https://www.visir.is/g/20232389421d/thesi-hlutu-islensku-myndlistarverdlaunin-2023)

Ragnheiður hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1968 og hefur frá þeim tíma unnið óslitið að myndlist til

dagsins í dag. Þráðurinn í verkum Ragnheiðar er sjálfblekkingin – blindnin – græðgin – einsemdin – andvaraleysið – umhverfið – heimurinn okkar. Ragnheiður segir að myndlist sé í hennar huga samtal listamannsins og áhorfandans. Að tilganginum sé náð þegar að henni tekst að rumska við áhorfandanum.

Ragnheiður Jónsdóttir er Árnesingur í báðar ættir. Móðir hennar Sigurbjörg var dóttir Ingvars Hannessonar bónda að Skipum Stokkseyrarhreppi og fyrri eiginkonu hans Vilborgar Jónsdóttur frá Sandlækjarkoti Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ingvar bóndi á Skipum og Ásgrímur Jónsson listmálarí voru systrasynir. Mæður þeirra voru systurnar Sigurbjörg og Guðlaug frá Vantsholti í Flóa. Faðir Ragnheiðar var Benedikt sonur Guðjóns Jónssonar bónda frá Seli og eiginkonu hans Kristjönu Jónsdóttur frá Grímsfjósum Stokkseyri. Þau bjuggu að Leiðólfssstöðum Stokkseyrarhreppi.

Þegar horft er yfir höfundarverk Ragnheiðar Jónsdóttur á sviði teikninga og dráttlistar í íslenskri listasögu sést bersýnilega hve einstök staða hennar er. Sýningin Kosmos/Kaos er haldin á nítugasta afmælisári hennar og skilaboð Ragnheiðar frá áttunda áratug síðustu aldar, um

kvenréttindi, umhverfisvitund og samfélagslega ábyrgð, eiga enn vel við í dag. Í grafíkverkum Ragnheiðar birtast hversdagsleg fyrirbæri hlaðin táknum og vísa í vaxandi iðnað, pólitískt umrót og deilur, áníðslu á náttúrunni, félagslegan aktívisma, feðraveldið og kvenréttindahreyfinguna. Verk hennar eru beitt og fersk og hróplega áríðandi í umhverfis- og samfélagsmálum nútímans.

Verk frá upphafi ferils Ragnheiðar einkenndust af öflugum symbólisma og nákvæmum, krefjandi vinnubrögðum með ríkri áherslu á smáatriði, en slíkar aðferðir eru dæmigerðar fyrir grafíkska list. Ríkjandi stef í verkum hennar eru óþægileg og forvitnileg – þrungin súrealisma og þurri kímnigáfu.

Ragnheiður nýtir sér menningarlegar myndlíkingar með undarlegum formum sem vísa beint í pólitísk, siðferðisleg og samfélagsleg málefni á Íslandi á þessum tíma. Verk hennar höfðu mikil áhrif á kvenfrelsisbaráttuna og hún er enn í dag talin ein af mikilvægustu forvígiskonum feminískrar listar á Íslandi. Vinna hennar einkennist af andstæðum, og ekki einungis bókstaflegum andstæðum hins svarta og hins hvíta, heldur á hún einnig rætur í tvískiptingunni á milli smásmygli og frelsis, abstraksjónar og symbólisma, náttúrulegs og vélræns, myndrænnar framsetningar og tilfinningaþrunginnar túlkunar, á milli grafílistar og frjálsrar teikningar. Á tíunda áratugnum byrjaði Ragnheiður að vinna eingöngu með stórar kolateikningar og sagði skilið við nákvæma þolinmæðisvinnu grafísku verkanna sem hún hafði helgað sig fram að því. Hún fjarlægðist hið bókstaflega líkingamál en einbeitti sér að myndmáli hreinnar og óhlutbundinnar tjáningar. Kolateikningar hennar voru jafn beittar og ákveðnar og grafísku verkin en bjuggu yfir frjálsari hreyfingu, léttleika og abstrakt táknsæi.

Hvaða lærðóm má draga af sextíu ára ferli Ragnheiðar sem frumkvöðuls í grafískri list og látbrigðateikningum? Síbreytileg og stöðugt vaxandi list hennar vísar í eðlislæga eiginleika mannsins – þörfina fyrir frelsi, abstrakt, öndun og hreyfingu, mitt í basli hversdagsins. Ferill Ragnheiðar ber vitni um þau áhrif sem listamaður getur haft á samfélag sitt, þann kraft sem býr í rödd eins listamanns sem vekur athygli á málefnum, hvetur fólk til aðgerða og ýtir undir samfélagslegar og pólitískar breytingar kynslóð eftir kynslóð.

Sjá nánar á heimasíðu safnsins: <https://listasafnarnesinga.is/hveragerdi/syningar/kosmos-kaos/>

Sýningarstjóri er Daría Sól Andrews.

daria.andrews9@gmail.com s. 699 6949

Ragnheiður Jónsdóttir s. 866 6450

listasafn@listasafnarnesinga.is

Mynd: Blómsturvelli 1, Ragnheiður Jónsdóttir, 2022.

Megi hönd þín vera heil - Jakob Veigar Sigurðsson salur 4.

Jakob Veigar (1975) starfar og býr í Víðarborg en er uppalinn í Hveragerði. Hann fetaði fremur seint inn á veg myndlistarinnar eftir að hafa snúið baki við byggingariðnaðinum og snúið sér að Myndlist . Hann útskrifaðist með BA gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands

2016 og sem „Herr Magister“ í myndlist frá Akademie der bildenden Künste í Víðarborg 2019.



Jakob er einnig með BA gráðu í byggingatæknifræði frá Háskólanum í Reykjavík. Málverkið er hans aðal miðill og er innblásið af persónulegri reynslu, alkóhólískum huga sem reynir að skilja samfélagið sem hann dvelur í á hverjum tíma ásamt djúpri tengingu hans við náttúruna.

Jakob hefur á ferðalögum á framandi slóðir m.a annars Indland og Íran notað myndlistina til að dýpka skilning og tengingu við framandi menningu.

Þrátt fyrir stutta viðkomu í myndlistinni er verk Jakobs að vinna í einkasöfnum víða um heim og hafa verk hans verið sýnd ásamt Íslandi víða um Evrópu, Kína ofl.

Megi hönd þín vera heil, er saga af ferðalagi frá Íslandi til Írans. Saga af listamanni sem elti ástina á milli heimsálfa á tímum heimsfaraldar. Ferðalag til einnar af elstu menningu veraldar þar sem hann fann hluta af sjálfum sér í landslagi töluvert frábrugðið hans eigins. Saga af ást sem glataðist, á meðan hann safnaði sögum og efni frá hirðingjum og handverksfólkum um allt Íran. Allt frá Frá skítugum mottum, ómetanlegum vefnaði og útsaum sem hann notar til að skapa sína persónulegu og einstöku veröld.

Sýningin er unnin í samstarfi við Shanay Artemis Hubmann og fleiri aðila búsetta í Íran.

Sjá nánar hér. <https://listasafnarnesinga.is/hveragerdi/syningar/iran-island/>

Jakobveigar@gmail.com s. 7806775

listasafn@listasafnarnesinga.is

Cosmos/Chaos - opening September 2nd. at 15:00

When considering Ragnheiður Jónsdóttir's oeuvre within the field of drawing and graphic art in Iceland's art history, her iconic status is evident. The exhibition *Cosmos/Chaos* marks the year of her 90th birthday, and Ragnheiður's messages from the 1970s regarding women's empowerment, environmental awareness and social responsibility are still remarkably apt in the present day. Her graphic works depict everyday phenomena rich in symbolism, referencing industrial development, political turmoil and unrest, damage to nature, social activism, the patriarchy and the women's movement. Starkly relevant to our present social and environmental issues, her works remain sharp and contemporary today.

Ragnheiður's early works are characterised by powerful symbolism, together with the meticulous and detailed-oriented hard labour that typifies the arduous medium of graphic art. The themes of her graphic works are unsettling and intriguing – abounding in surrealism and dry wit. Ragnheiður draws upon cultural metaphors within bizarre forms and creations that directly reference political, moral and social issues in Iceland at the time. Her graphic works strongly influenced the women's liberation movement, and to this day she is seen as one of the leading pioneers of feminist art in Iceland. Her practice is one of contrasts – and not only the literal contrast between black and white. Ragnheiður's works are rooted in the dichotomy between meticulousness and freedom, abstraction and symbolism, natural and mechanical, pictorial representation and emotive feeling, between graphic art and free-form drawing. In the 1990s, Ragnheiður began working solely with large-scale charcoal drawing, leaving behind the time-consuming and precise practice of graphic art she had spent a lifetime mastering. Moving away from a literal symbolic language, in this new direction Ragnheiður focussed on an imagery of pure expression and abstraction. Ragnheiður's charcoal drawings were no less incisive and trenchant than her graphic works, but they were imbued with more freedom of movement, a quality of lightness, and abstract symbolism.

What lessons can be learned from Ragnheiður's 60 years as a pioneer of graphic art and gestural drawing? Her shifting and constantly evolving practice points to something inherent within human nature – the need for freedom, abstraction, breathing and movement, amidst the bustle of everyday existence. Ragnheiður's career attests to the impact an artist can have on their society, the power a single artistic voice has to call attention to issues, to urge action, and to influence social and political change, generation after generation.

Curator: Daría Sól Andrews

daria.andrews9@gmail.com s. + 354 699 6949

listasafn@listasafnarnesinga.is

<https://listasafnarnesinga.is/hveragerdi/art-museum-south-iceland-english/exhibitions/cosmos-chaos/>

May Your Hand Not Hurt - opening on September 2nd at 15:00.

Jakob Veigar (born 1975 in Hveragerði, Iceland) currently lives and works in Vienna. His u-turn into the art world happened quite late in life, after a whole life and career as a civil engineer.

Jakob graduated with a Bachelor's degree from the Icelandic University of the Arts in 2016, and continued to become „Herr Magister“ at the Academy of Fine Arts in Vienna in 2019.

Painting is Jakob's main medium, inspired mainly by personal experience, an alcoholic mind that tries to understand the society he lives in, and his deep connection to nature.

Jakob has used his journeys to culturally diverse places such as India and Iran to expand the horizon of his work, and to deepen both his understanding and his connection to countries very different from his own.

Despite a rather short career in the art world, Jakob's works can be found in private collections all over the world. His paintings have been exhibited in Iceland, around Europe, and in China.

"May Your Hand Not Hurt" is the story of a passage from Iceland to Iran; of an artist who chased love, between continents, in times of a global pandemic. An odyssey into one of the world's oldest civilizations, where he found pieces of himself in landscapes vastly different from his own. Of a love lost on the way, all while collecting stories and works from artisanal and nomadic communities all over Iran. From dirty rags all the way to priceless textiles and embroidery, Jakob Veigar uses these materials to create an entirely new world of his own.

<https://listasafnarnesinga.is/hveragerdi/art-museum-south-iceland-english/exhibitions/iran-island/>

Jakobveigar@gmail.com t. + 354 7806775

listasafn@listasafnarnesinga.is

Hulda Kristjánsdóttir

From: Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Sent: fimmtudagur, 31. ágúst 2023 09:49
To: Bjarni Guðmundsson
Cc: Ingvi Már Guðnason
Subject: Ársþing SASS á Hótel Vík í Mýrdalshreppi 26. og 27. október 2023 ... skipan og skráning þingfulltrúa o.fl.
Attachments: Ársþing SASS_Bréf með kjörbréfum 2023.pdf

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Í viðhengi eru upplýsingar um komandi ársþing SASS 2023 sem verður haldið á Hótel Vík 26. – 27. október nk. (fimmtudagur og föstudagur).

Fylla þarf út rafræn kjörbréf sem nú eru aðgengileg á slóðinni [skráningarform](#) en ganga þarf frá skráningu fyrir 5. október nk. Eitt form gildir fyrir hvern þingfulltrúa en viðkomandi getur verið aðal- og varamaður hjá SASS, SOS og/eða HSL en skrá þarf nafn og netfang og svo er merkt er í viðeigandi reiti.

Mikilvægt er að skrá alla fulltrúa, þá sem hafa seturétt og gesti rétt inn í skráningarformið. Aðalmenn með atkvæðisrétt skulu skráðir sem þingfulltrúar, fjölda þingfulltrúa fyrir hvert sveitarfélag má sjá í töflu í meðfylgjandi bréfi. Aðrir fulltrúar sveitarfélaga, sveitarstjórar og gestir sem hafa ekki atkvæðisrétt skulu vera skráðir sem aðrir fulltrúar og gestir.

Bestu kveðjur,

Bjarni



Bjarni Guðmundsson
framkvæmdastjóri

SASS
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Austurvegi 56
800 Selfossi
sími 480 8200
sími 897 9791

Til aðildarsveitarfélaga SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands

Selfossi, 31. ágúst 2023

Efni: Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 26. og 27. október 2023

Ákveðið hefur verið að halda ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 26. og 27. október nk. á Hótel Vík í Mýrdalshreppi. Á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Óskað er eftir að sveitarfélöginn tilkynni þátttöku fulltrúa sinna með því að fylla út rafrænt skráningarfomr á heimasíðu SASS, sbr. slóðina <https://www.sass.is/arsthing/skranning/> fyrir 5. október nk., í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2023	Fjöldi fulltrúa
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.547	5
Skaftárreppur	680	3
Mýrdalshreppur	877	3
Rangárþing eystra	2.035	5
Rangárþing ytra	1.866	4
Vestmannaeyjabær	4.523	7
Ásahreppur	295	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	577	3
Flóahreppur	708	3
Sveitarfélagið Árborg	11.239	14
Hrunamannahreppur	874	3
Bláskógbabyggð	1.280	4
Grímsnes- og Grafningshreppur	535	3
Hveragerðisbær	3.196	6
Sveitarfélagið Ölfus	2.573	5
Samtals	33.805	70

Sérstök athygli er vakin á því að aðrar reglur gilda um aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands en þar skal samkvæmt samþykktum aðeins tilnefndur einn fulltrúi fyrir hvern eignaraðila sem eru eftirtaldir: Bláskógbabyggð, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Sorpstöð Rangárvallasýslu.

Kjörgengir á aðalfundina eru **framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra.**

Á aðalfundunum eiga einnig sæti stjórnarmenn **Sorpstöðvar Suðurlands og Heilbrigðisnefndar Suðurlands** og **framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga**, með málfrelsi og tillögurétti séu þeir ekki kjörnir fulltrúar. Þátttaka þeirra skal einnig skráð rafrænt með fyrr nefndu skráningarförmum. Aðalfundirnir eru einnig opnir **öðrum sveitarstjórnarmönnum** á starfssvæðinu sem áheyrnar fulltrúum, sem skulu einnig skráðir rafrænt með sama skráningarförmum. Mikilvægt er að allir fulltrúar séu skráðir rétt. Ítreka að skrá þarf alla sem koma á ársþingið.

Tekin hafa verið frá herbergi á Hótel Vík frá miðvikudeginum 25. október (fyrir þá sem þurfa þess) og fimmtudaginn 26. október nk. Ætlast er til að **sveitarfélögin panti í einu lagi** fyrir sína fulltrúa með því að senda pöntun á netfangið; bookings@stayinvik.is í síðasta lagi **5. október** nk. og taki fram að það sé vegna ársþings SASS. Tilgreina þarf hvort óskað er eftir gistingu í eina eða tvær nætur. Ekki verður tekið við pöntunum frá einstökum fulltrúum. Gistingin greiðist af viðkomandi sveitarfélagi. Gistirými er takmarkað á Hótel Vík og því mun fyrstur kemur fyrstur fær reglan vera viðhöfð en aðrir gisti möguleikar verða líka í boði.

SASS mun panta gistingu fyrir stjórnarmenn samtakanna þannig að sveitarfélögin þurfa ekki líka að gera það þó þau séu tilnefndir fulltrúar þeirra á fundinum.

Annar kostnaður vegna ársþingsins, þ.e. vegna fundaraðstöðu, kaffiveitinga og kvöldverðar o.fl., verður síðar innheimtur af SASS.

Tillögur sem sveitarfélög eða fulltrúar þeirra hyggjast leggja fyrir aðalfundina þurfa að berast skrifstofu SASS fyrir **11. október** nk., þannig að þær liggi fyrir með öðrum fundargögnum. Ef tillagan snýr að breytingum á samþykktum samtakanna þurfa þær að berast stjórn þremur vikum fyrir aðalfund eða í síðasta lagi **4. október** nk.

Aðalfundarboð ásamt tilskildum fundargögnum mun liggja fyrir á sérstökum vefsíðum í síðasta lagi þann **11. október** nk. Aðalfundarfulltrúum og öðrum skráðum fundarmönnum verða send lykilorð tímanlega til að komast inn á vefsíðin. Af þessum sökum er mikilvægt að skráð verði á kjörbréf virk netföng skráðra fulltrúa.

Með kveðju,
f.h. stjórnar SASS



Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri